

12.01.–07.05.2017

Vídeóverk úr safneign

Video Works from the Collection

Hrinn Bout



Hrina Vídeóverk úr safneign

Listasafn Reykjavíkur varðveitir nokkuð af vídeóverkum íslenskra listamanna í safneign sinni. Þau spanna tímabilið allt frá tilraunum með filmu á sjöunda áratugnum, til einfaldra vídeótökuvéla á níunda áratugnum og allt til flókinna stafrænna innsetninga samtímans. Sýningaröðin *Hrina* er í fjórum hlutum og þar má sjá úrval verka sem endurspeglar nokkrar af þeim áherslum sem hafa þróast innan vídeólistar. Eftir því sem tækninni hefur undið fram hafa nýjar aðferðir til sköpunar opnast og mörg verkanna endurspeglar tilraunir listamanna með miðil í stöðugri mótun. Inntak þeirra helst jafnframt í hendur við tæknilega möguleika hverju sinni. Verkunum er skipt upp í kafla undir ólíkri yfirskrift: Leikur, Gjörningur, Skráning og Frásögn. Um leið og sýningaröðin gefur áhorfendum kost á að njóta nýrra og eldri listaverka úr safneign gefst listasafninu tækifæri til þess að yfirfara skráningu og tæknilegar forsendur. Að auki efnir safnið til samtals um ný viðhorf í söfnun og varðveislu vídeólistar.

Bout Video Works form the Collection

The Reykjavík Art Museum holds in its collection a number of video works by Icelandic artists. They span a period from experimental film in the sixties, through the early days of basic video equipment in the eighties, to the elaborate digital installations of the present. The four-part exhibition series, *Bout*, introduces a selection of works reflecting some of the different implications that have developed within video art. As technology has progressed, new means of creation have opened up and many of the works reflect experimentations with a medium in a constant state of flux. The artistic content has furthermore expanded in conjunction with technical possibilities at each given moment. The works are divided into chapters under a different title each: Play, Performance, Record and Tale. Allowing the audience to experience recent and historic works from the collection, the exhibition series also provides the museum a chance to revise its archives and technical classification. The museum furthermore opens a dialogue about new attitudes towards the collecting and the preservation of video art.

Egill Sæbjörnsson (1973) Five Boxes (2009)

Fjórum hvítum kössum er komið fyrir í horni sýningarsalarins og á þá varpað hreyfi-mynd sem vekur hina dauðu hluti til lífsins. Þeir virðast hreyfast, opnast og lokast en auk þess sést banani á ferð og flugi á milli þeirra. Eins og heiti verksins gefur til kynna eru kassarnir í raun fimm, því að einn þeirra sprettur fram úr þeim sem fyrir eru, tekst á loft, svífur um sýningarrýmið og samlagast að lokum nýjum kassa. Inni í kössunum hefur verið komið fyrir tækjum sem framkalla hljóð í takt við myndefnið og fullkomna blekkinguna um hina líflegu kassa.

Four white boxes are placed in the corner of the exhibition space, the video that is projected onto them makes these dead objects come alive; they seem to move, open and close, and a banana can be seen moving from one box to the other. As the title implies, the boxes are in fact five, as one of the boxes springs from the other four, takes to the air and floats around the exhibition space, before becoming one again with one of the boxes on the ground. Inside these boxes the artist has placed equipment that creates sounds in tandem with the visuals, thereby perfecting the illusion of the animated boxes.

Erró (1932) Grettur Grimaces (1967)

Í fyrsta kvikmyndaverki sínu vann Erró út frá einfaldri og skemmtilegri hugmynd. Hann fékk fjölda fólks til þess að geifla sig og gretta framan í kvikmyndavélina og klippti saman hvert á fætur öðru. Yfir 150 manns tók þátt í grettunum, allt þekkt fólk úr listahópum sem Erró hreifst af og umgekkst í París, New York og Feneyjum. Þarna má meðal sjá Andy Warhol, Marcel Duchamp, Carolee Schneemann og Öyvind Fahlström. Upptökur fóru fram á árunum 1964–67, Erró leikstýrði, um klippingu sá Denise de Casabianca í samvinnu við Erró og hljóðmyndina skapaði François Dufrêne.

In his first video work, Erró was inspired by a simple and interesting idea. He got several

people to pull faces in front of the camera and then edited the footage into a sequence. Over 150 people took part, all prominent individuals in the art scene, by whom Erró was fascinated and approached during his travels to Paris, New York, and Venice. Among them was Andy Warhol, Marcel Duchamp, Carolee Schneemann, and Öyvind Fahlström. Filming took place in 1964–67, Erró directed, Denise de Casabianca edited in collaboration with Erró, and François Dufrêne created the soundscapes.

Sigrún Harðardóttir (1954) Dögur Dawn (1986)

Sigrún lærði vídeólist ásamt málun og grafík í Hollandi og skómmu fyrir námslok efndi hún til miðnætursýningar undir berum himni í Öskjuhlíð. Þar sýndi hún verkið *Dögur á þremur samtengdum skjám ásamt hljóð-mynd*. Verkið ber merki fyrstu tilrauna með möguleika vídeómiðilsins þar sem myndheimur málverksins, á mörkum hins fígúratífa og abstrakta, er yfirfærður í nýtt samhengi. Manneskjur ganga inn í mynd og í gegnum ramma þrjá en með tæknilegri bjögum umbreytast andlitsdrættir þeirra smám saman í liti, ljós og form.

Sigrún studied video art alongside painting and graphics in the Netherlands, and shortly before graduation she held an open-air mid-night-screening in Öskjuhlíð in Reykjavík. She showed the work *Dawn* on three interconnected screens with sound. The work displays signs of early experimentation with the possibilities of video as a medium, where the visual world of the painting, bordering the figurative and the abstract, is transferred into new context. People walk into the frame and through the three screens, and technical distortion transforms their facial expressions bit by bit into colours, light, and shapes.

Sirra Sigrún Sigurðardóttir (1977) Aðlifun Anabolism (2006)

Innsetning Sirru hverfist um eins konar tjald eða hvelvingu sem nánast svífur í lausu lofti yfir loftblæstri. Um leið er formið þrívíður

skjár sem endurspeglar tvær vídeóvarpanir sem hringsóla inni í verkinu. Önnur sýnir fjöllistamenn leika jafnvægislistir og hin prik sem strokið er eftir grindverki með hljóðinu sem þá heyrir. Verkið var unnið inn í sýningarsali Hafnarhússins sem létt og lífrænt andsvar við hinum þunglamalega stíl hins gamla vöruhúss. Aðlifun var eitt verkanna á samsýningunni Pakkhús postulanna fyrir rúmum áratug.

Sirra's installation revolves around a sort of tent or pavilion that almost floats in the air, levitated by an airstream. At the same time, this form functions as a three-dimensional screen reflecting two video projections in orbit inside the work. One depicts circus artists performing balancing acts, while the other shows a stick being dragged along a fence, creating the soundtrack. The work was made for the exhibition spaces in Hafnarhús, as a light and organic reaction to the heavy architecture of this old warehouse. It was part of the collective exhibition *Apostles' Clubhouse* over a decade ago.

**Steina (1940)
Tokyo Four (1991)**

Fjórar aðskildar myndrásir, hver með tveimur hljóðrásum, liggja til grundvallar hinu marglaga verki Steinu þar sem allir hlutar tengjast í eina heild með samstilltu upphafi og endi. Steina skipar mikilvægan sess í alþjóðlegri framvindu vídeólistar enda hóf hún feril sinn á upphafs- og mótunar-árum miðilsins og hefur æ síðan verið einn forystumanna í listgreininni. Í verkinu *Tokyo Four* sækir hún sjónræna uppbyggingu í heimtónlistar þar sem unnið er með tilbrigði við nokkur grunnstef. Myndefnið er fengið víða að, tilviljunarkennt að því er virðist, og meðhöndlað með ýmsum hætti – speglað, snúið á hvolf, hægt á og hraðað.

Four separate video channels, each with two audio channels, form the basis of this multi-layered work by Steina. Here, all the parts interconnect to form a whole with a corresponding beginning and end. Steina is a prominent figure in the international video art scene and has actively contributed to the art form's devel-

opment in her long career, which harks back to the very beginnings of this medium. In her work, *Tokyo Four*, the visual construction is inspired by the world of music, working with variations on certain basic themes. The visuals seem almost randomly sourced from wide and far, and they are treated in various ways; mirrored, overturned, slowed down, and sped up.

09.02. – 05.03.2017

Gjörningur

Performance

Ásdís Sif Gunnarsdóttir (1976)

Skipbrot úr framtíðinni / sjónvarp úr fortíðinni
Shipwreck from the Future / TV from the Past
(2014)

Verk Ásdísar var upprunalega hluti af innsetningu í A-sal Hafnarhúss en það má aðlaga ólíkum aðstæðum hverju sinni sem það er sýnt. Ásdís endurnýtir eldra efni og skeytir því við nýtt þannig að myndheimur hennar verður að einni órofa heild. Undirstaðan er gjörningur og texti sem síðan fara í gegnum úrvinnslu í upptöku. Efni og rými bætist þar ofan á sem mismunandi lög þangað til hinni línulegu framvindu vídeós og texta er kollvarpað. Ásdís bregður sér í ýmis gervi og styrkja þau enn afbygginguna sem á sér stað í verki hennar.

Ásdís Sif's work was initially a part of an installation in Gallery A in Hafnarhús, but it can be adjusted to different surroundings and circumstances each time it is put on display. In her work, Ásdís recycles older material while adding new components, thus creating a comprehensive and continuous visual world of her own. The foundation is often a performance and text that is subsequently processed through recording, material and space where different layers are added until the linear sequence of video and text is toppled. Ásdís takes on various guises that enhance the deconstruction she seems to work with in her art.

Ásmundur Ásmundsson (1971)

Fantagott Pepsi Fantastic Pepsi (2000)

Verkið samanstendur af nokkrum Fantaflöskum þar sem innihaldinu hefur verið skipt út fyrir Pepsi, samanber orðaleikinn í verkheitinu. Skúlptúrnum fylgir myndbandsupptaka af listamanninum í hlutverki nokkurs konar sölumanns eða markþjálf. Hann setur fram þá kvningu að val á starfsvettvangi sé um margt svipað því að velja sér gosdrykk. Þar með leggur hann að jöfnu hversdagslegar neysluvenjur og smekk annars vegar og hins vegar djúpstæðar hugmyndir um sjálfsmynd og lífsviðhorf.

The work is made up of several Fanta bottles that have been emptied and filled up with Pepsi, hence the title. The sculpture is accompanied by a video of the artist in the role of some sort of salesman or life coach who proposes the theory that choosing a career is in many ways similar to choosing a soft drink. Thus, he juxtaposes mundane consumer habits and taste with profound ideas of identity and philosophy.

Dodda Maggý (1981)

Lucy (2009)

Dodda Maggý vinnur í verkum sínum ýmist með hljóð eða mynd, enda hefur hún í námi sínu ástundað bæði myndlist og tónlist. Hér tengir hún hvort tveggja saman í innsetningu með því að margfalda eigin söngródd, sem magnast og dvin í samspili við mynd af listamanninum sem birtist og hverfur. Í myrkvæðu rýminu skynjar sýningargesturinn að röddin sé aðskilin frá hinum eiginlega flytjanda og finnst hún berast hvaðanæva þótt hún sé alltaf úr sama barka. Hljóðið virðist stjórna myndinni frekar en öfugt, að hljóð sé sjálfsgæður fylgiferkur myndar.

Dodda Maggý tends to work with either audio or visuals, having studied both in the fields of music and fine art. Here, she combines the two in an installation where she multiplies her own singing vocals, that are amplified or dwindle in tandem with a disappearing and reappearing image of the artist. In the dim light of the space you can sense how the voice is separated from the actual performer, the sound seemingly coming at you from various directions even though it originates from the same windpipes. The sound in this work seems to control the image rather than it being the other way around – with audio simply supplementing the image.

Erling Klingenberg (1970)

Brölt Tumble (2004)

Eins og í mörgum fleiri verkum sínum vinnur Erling hér út frá spurningum um hlutverk listamannsins og um eðli og gildi verka hans. Vídeóverkið var á sínum tíma tekið upp í flutningabil á fleygiferð og frumsýnt á sýningu í Ásmundarsafni. Þar má sjá listamann-

inn með húðlita grímu, afsteypu af andliti sínu, sem þó sviptir hann persónueinkennum og svipbrigðum og blindar honum sýn að auki. Hann reynir eftir fremsta megni að fóta sig í flutningsrýminu fyrir framan myndavélina en missir í sífelli jafnvægið og kastast jafnvel til eftir því sem bíllinn hreyfist, rýkur af stað, snarhemlar, beygir og hossast.

Like in so many of Erling's works, here he tackles questions regarding the role of the artists, and the nature and value of the artist's works. The video, initially premiered in Ásmundarsafn, was filmed in a moving van at high speed. It shows the artist with a skin coloured facial mask, a mold of his own face, that not only obscures both personal characteristics and expressions but also renders him temporarily blind. He tries hard to get around in the hold in front of the camera but constantly loses balance and gets thrown to and fro when the vehicle takes off, suddenly brakes, turns, and bumps along.

Gjörningaklúbburinn

The Icelandic Love Corporation (1996)

Girnilegar konur

Women Good Enough to Eat (1996)

Verkið er frá því snemma á ferli Gjörninga-klúbbsins. Videóið er skrásetning gjörnings þar sem unnið var með lifandi skúlptúr og að auki koma fjórar ljósmyndir af skúlptúrunum fullgerðum. Nakinn kvenlíkami er undirstaða fjögurra fagurskreyttra veislurétta, súkkulað-iköku, rjómatertu, glassúrköku og brauðertu. Margendurtekin hlutgerving kvenlíkamans í þágu listarinnar er hér til umfjöllunar á gaman-saman en gagnrýnninn hátt. Um leið er dregið fram annað minni úr listasögunni, áminningin um dauðleika mannsins.

This work stems from the early years of the Icelandic Love Corporation. The video is a recording of a performance where the artist collective worked with live sculptures, and it is accompanied by four photographs of the completed sculptures. The naked female body is the basis of the four, elaborately decorated cakes, with whipped cream, chocolate, pink icing, and savoury mayo and bread. The recurring objec-

tification of the female form in service to art is addressed here in a humorous yet critical way. Another strong motif from the history of art, the reminder of mortality, is also at play.

Magnús Pálsson (1929)

Tal á undan Augntali

Talk Preceding Eye Talk (1986)

Augntal

Eye Talk (1990)

Augntal II

Eye Talk II (1998)

Þrileikur Magnúsar er uppbyggður með áþekktum hætti hverju sinni, rödd listamannsins er í fyrirrúmi og hann fer sjálfur með textann í mynd. Alltaf er til staðar einhver eiginleiki sem gerir frásögnina framandlega og hún virðist úr lausu lofti gripin. Í fyrsta myndskeiði er Magnús í hlutverki manns sem tekur óhóflega í nefið með tilheyrandi truflun í frásögninni. Öðru sinni sést andlit hans ekki, eingöngu hálsinn, fyrir framan upptöku úr skólpræsakerfi. Loks stillir hann sér upp þétt við kvenmannsbrjóst og nýtur fulltingis konunnar við frásögnina. Ekkert verkanna er klippt eða samsett, þau líða hægt áfram án framvindu eða samhengis.

Magnús' trilogy is built up in a similar way each time; the artist's voice takes precedent, and he performs the text himself on screen. There is always an absurd element present that makes the narrative strange, while it also somehow seems to be quite random. In the first one, Magnús takes on the role of a man who uses snuff tobacco excessively, disrupting the narrative. In the second part his face is obscured, with only his neck visible in front of a recording from the sewage system. Finally, he positions himself up against a woman's breasts and she helps him with the narrative. None of the videos are compositions or edited in any way, they flow at an easy pace without any linear progression or context.

09.03. – 02.04.2017

Skráning Record

Finnur Arnar Arnarson (1965)

Náttúra I, Náttúra II Nature I, Nature II (2003)

Í verkaröð sinni skeytir Finnur Arnar hverju sinni saman tveimur vídeóum, þar sem stöðug myndavél fangar valið sjónarhorn nokkra hríð án klippingar. Annað myndskleiðið er uppstillt og sýnir manneskju en hitt er tekið undir berum himni í óröskuðu landslagi. Í verkunum tveimur er annars vegar fylgst með sofandi stúlku og horft niður kletta Látrabjargs, hins vegar sjáum við skýjafar yfir hálandisauðn við hlið vangamyndar karlmanns og uppstoppaðs fálka. Náttúran sem verkin lýsa virðist flökta á milli ytra landslags og innri vitundar, milli eilífrar hringrásar veraldarinnar og hverfuleika mannsins.

In the series *Nature*, Finnur Arnar combines two videos where a steady camera captures a chosen angle for a duration of time without any editing. One footage is posed and shows a person, while the other is shot outdoors in a pristine landscape. In these two works we are on one hand offered a view of a sleeping girl and a steep shot down Látrabjarg cliff, while on the other we can see cloud formations over the highland desert next to the profile of a man and a stuffed falcon. The nature depicted in these videos seems to flicker between the external landscape and the inner being, between eternal circulation of the word and the impermanence of mankind.

Hlynur Helgason (1961)

Frá Ártúnsholti vestur Miklubraut að Granda
From Ártúnsholt westwards on Miklubraut to Grandi (1999)

Verk Hlyns byggist á bílferð í gegnum höfuðborgina eftir endilangri Miklubraut. Myndin er samsett þannig að einn hlutinn sýnir ferðalagið en hinn sýnir borgarlandslagið með öðrum hætti, dvalist er lengi við sum myndefnin og þau gaumgæfð hæg-látlega. Það er eins og listamaðurinn sé að endurspegla ólíka eiginleika athyglisgáfu og minnis annars vegar en hins vegar tæknilaga möguleika vídeómíðilsins þar sem tókumaðurinn hefur stjórn á sjónarhorni

og hraða. Verkið var fyrst sýnt ásamt öðru áþekku myndbandi þar sem 'ferðalagið' átti sér stað innanhús á sveitabæ.

Hlynur's work is based on a drive through the capital, along the length of Miklubraut. The composition splits the footage so that one part shows the journey while another shows the cityscapes in a different way, lingering at certain points, quietly examining them. In this way, the artist both reflects the different aspects of observation and memory, and the technical possibilities of video as a medium, where angles and speed can be manipulated. The work was first shown with another similar video where the "journey" took place inside a farm house.

Hlynur Hallsson (1968)

Mikilvægt Important (1999)

Hlynur fær fólk sem talar mismunandi tungumál til þess að tjá sig á móðurmáli sínu um málefni sem því þykir mikilvægt. Í verkinu blandast viðhorf einstaklinga til þess sem skiptir þá máli og þær brokkgengu leiðir sem í boði eru til að koma því á framfæri. Tungumál er tjáskiptaform þeirra sem skilja það og tala, en innan þess og á milli mála eru fjölmörg blæbrigði. Hlynur bendir á hversu kvik merking allra hluta er, sýnir að hún er afstæð á milli manna og menningarheima og tekur stöðugum breytingum í tíma og rúmi.

Hlynur gets people who speak different languages to talk in their native tongue about matters that are important to them. This work blends points of view of different individuals towards the things that matter to them with the unreliable ways that are available to get those opinions across. A language is a way of communication for those who understand and speak it, but within it and between different languages is a sea of variation. Hlynur points out how vivid the meaning of all things is, it is relevant between cultures and individuals, and is in constant transformation in time and space.

Jeanette Castioni (1968)
The Entropy of Landscape (2008)

Í verkum sínum leitast Jeanette við að miðla hugleiðingum um félagsleg og menn-ingarleg málefni með því að greina og skrá ýmsar tengingar. Tengsl á milli einstaklinga og valdakerfa eru dæmi um þetta, á milli nútímamanns og arfleifðar eða á milli manna sem tala ólík tungumál. Í verkinu sem hér um ræðir skoðar listamaðurinn tengsl á milli hugmyndarinnar um ósýnilegt almætti og raunveruleika mannsins. Jeanette vitnar í sögulegan texta, sækir myndir úr daglegu lífi og tekur viðtöl við ólíka einstaklinga um væntingar þeirra og innstu þrjár.

In her work, Jeanette endeavours to mediate her speculations on social and cultural issues by analysing and registering various associations. Links between individuals and hierarchies are examples of this, between modern people and our legacies, or between people who speak different languages. In the work we have here, the artist looks at the connection between the idea of an invisible omnipresence and the reality of humans. Jeanette refers to a historic text, finds images from daily life, and interviews different individuals about their expectations and deepest desires

Libia Castro (1970) & Ólafur Ólafsson (1973)
Allir gera það sem þeir geta
Everybody Is Doing What They Can (2008)

Verkið var unnið að beiðni Listasafnsins fyrir röð sýninga í A-sal þar sem ætlunin var að taka tengsl safnsins við almenningsrým-ið utan veggja til gagnrýnnar skoðunar. Sýningarsalurinn varð að framleiðslu- og kynningarsvæði og mátti þar meðal annars sjá upptökustúdíó og klippiver þar sem Libia og Ólafur gerðu tilraunir fyrir opnum tjöldum á meðan sýningin stóð yfir. Á þeim tíma urðu til 35 myndbönd sem sýndu 'portrett' af einstaklingum úr mismunandi þjóðfélagsstéttum og með ýmiss konar menntun og sérhæfingu. Þátttakendur sögðu frá sjálfum sér, lýstu aðstæðum sínum og uppruna og ræddu reynslu sína og hugmyndir um allt milli himins og jarðar,

jafnt heimspekileg málefni, einkamál og það sem hæst bar í þjóðfélaginu og stjórn-málaumræðunni.

This work was commissioned by the Reykjavik Art Museum for a series of exhibitions in Gallery A, and was meant to take a critical look at the connection between the museum space and the public space outside the museum walls. The exhibition hall became a production and promotional area where guests could for instance see a recording studio and an editing room where Libia and Ólafur performed experiments for the duration of the exhibition period. During this time, they created 35 videos showing "portraits" of individuals from various walks of life, with diverse educational and professional backgrounds. Participants described themselves, their circumstances and origins, and discussed their experiences and ideas about everything imaginable, whether that was of a philosophical, personal, or political nature.

Ósk Vilhjálmsdóttir (1962)
Pumpa Pump (2012)

Á tveimur skjám er fylgst með ólíkum athöfum, sem eru daglegt brauð en virðast við fyrstu sýn eiga fátt sameiginlegt. Þær endurspeglar tæknilegar úrlausnir í landbúnaði og samgöngum sem gera okkur kleift að lifa í nútíma neyklusamfélagi. Önnur myndin er frá kúabúi þar sem kúr eru mjólkaðar með mjaltavélum, sjálfvirkum dælum, og hin sýnir tankbíl dæla eldsneyti inn í dælukerfi á bensinstöð. Þessar athafnir eru alla jafna ósýnilegar neytendum og þykja sjálfsgætur hlutur en með því að beina sjónum að þeim vekur Ósk áhorfendur til umhugsunar um þá hringrás og þau kerfi sem við hrærumst í. Hún vekur máls á því hver tengsl okkar séu við gjafir náttúrunnar og hvort hringrásin í dælukerfum nútímasamfélags sé eilíf.

Two screens display different, mundane actions, that at first seem to have very little in common. They reflect technical solutions in agriculture and transport that enable us to live in a modern consumer society. One of the videos is of a dairy farm where cows are milked

with automatic pumps, while the other shows a tanker pumping fuel into a pumping system of a petrol station. These two events are usually not visible to consumers and are regarded quite mundane, but by focusing on them Ósk calls attention to the circulation and the systems that we live in. She addresses the question of what our relationship is to the gifts of nature and if the circulation in the pumping systems of modern society is in fact eternal?

Ráðhildur Ingadóttir (1959) Hale Bobb (1997)

Ráðhildur hefur í verkum sínum leitað leiða til að miðla eigin skynjun á kosmiskum víddum alheimsins og staðsetningu manneskjunnar innan hans. Í verkinu *Hale Bobb* skráði hún annars vegar geómetrískar teikningar af spíralferlum og hins vegar upplýsingar um sporbraut halastjarna og hreyfingar plánetna. Skráningar þessar, á mörkum abstraktútreikninga og hlutbundins veruleika, silkiprykkti Ráðhildur síðan á fót og bauð fólki að máta. Vídeóverkið skrásetur uppákoma og sýnir sýningargesti klæðast fræðilegum vangaveltum sem fanga algild náttúruleg mál og óráviddir geimsins.

In her work, Ráðhildur has endeavoured to mediate her own sensitivities for the cosmic dimensions of the Universe, and humankind's position within it. In the work *Hale Bobb* she recorded on one hand geometric drawings of spiral courses, and on the other she recorded data on the orbits of comets and the movements of planets. Ráðhildur then silk-screen printed these recordings, that dwell on the verge of abstract calculations and concrete reality, onto clothing and invited people to try them on. The video records this happening and depicts exhibition guests wearing theoretic speculations that capture universal laws of nature and the infinite expanses of space.

Bjargey Ólafsdóttir (1972) Ljóskur í París Blondes in Paris (2000)

Á meðan á vinnustofudvöl Bjargeyjar í París stóð tókst hún á við klisjuna um það að vera listamaður að störfum í þessari borg sem skipar svo mikilvægan sess í listasögunni. Verk hennar er skyggnumyndasýning með undirleik og veitir innsýn í samskipti tveggja ungra íslenskra kvenna við franskan karlmann. Sagan er óljós enda virðist gripið inn í mitt djammkvöld þar sem stemningin rambar á mörkum glæsileika og sjúsks, úthverfu og sjálfhverfu. Tónlistina við myndina gerði Kristján Eldjárn gítarleikari. Hún er leikin á tveimur tækjum sem ekki eru samstillt og magnar þannig togstreituna og vandræðaganginn í myndunum.

During her artist residency in Paris, Bjargey tackled the cliché of being an artist in this city that is such a landmark in the history of art. Her work is a slideshow with accompaniment and offers an insight into relations between two, young Icelandic women with a French man. The story is obscure, as it seems to start in the middle of a night on the town, the atmosphere somewhere between elegance and shabbiness, both extroverted and self-centred. The music by the guitarist Kristján Eldjárn is played on two unsynchronised players, underlining the conflict and awkwardness in the images.

Gabríela Friðriksdóttir (1971) Versations Tetralógía (2005)

Gabríela var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíær-ingnum árið 2005 og var verk þetta hluti af viðamikilli innsetningu ásamt skúlptúrum, teikningum og málverkum. Hér eru vídeóin fjögur sýnd, eitt fyrir hverja höfuðátt, hvert á fætur öðru. Þar gerir listamaðurinn tilraun til þess að finna hugsunum og hugarburði farveg innan heildstæðs sagnaheims þar sem stuðst er við gamalgróna frásagnartækni, goðsögur og sammannleg minni. Vídeóin vann Gabríela í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur og Sigurð Guðjónsson. Hún fékk einnig til liðs við sig þau Björk,

Daníel Ágúst, Borgar Þór Magnason og Jónas Sen að semja tónverk út frá píanó-stefi sem hún spenn.

Gabriela was Iceland's representative at the 2005 Venice Biennale and this work was a part of an extensive installation along with sculptures, drawings, and paintings. Here, the four videos are on display, one for each cardinal point, each after the other. The artist experiments with finding an outlet for thoughts and imaginings within a comprehensive narrative world where she makes use of traditional narrative techniques, mythologies and universal motifs. Gabriela created the videos in collaboration with Björk Guðmundsdóttir, Daníel Ágúst Haraldsson, Erna Ómarsdóttir, and Sigurður Guðjónsson. She also recruited Björk, Daníel Ágúst, Borgar Þór Magnason, and Jónas Sen to compose music based on a piano theme she improvised.

**Sigurður Guðjónsson (1975)
Sárabeð Wound Bed (2006)**

Sögupersónur verksins eru til jafns hettuklæddur maður og eyðibýlin eða þeir yfirgefnu staðir sem hann reikar um. Á vegi hans verða andlitslausar verur sem engin leið er að vita hvort eru hugaburður hans eða eitthvað annað. Niðurnídd mannvirk-in verða honum tilefni til margháttaðra tilrauna og aðgerða sem ekki virðast hafa ljós markmið en endurspegla þess í stað einmanaleika og tilgangsleysi. Í verkinu virðist farið með áhorfendur í ferðalag um tíma- og staðlausa veröld sem er á mörkum undirmeðvitundar og raunveruleika. Um tónlist og hljóðmynd sá listamaðurinn sjálfur ásamt Arnari Guðjónssyni og Áka Ásgeirssyni.

The characters of this work are both the hooded man and the deserted farms and places he roams. He encounters faceless beings that may or may not be figments of his imagination. The derelict buildings provide occasions for various experiments and actions that do not seem to have any clear purpose, but reflect loneliness and futility. This work seems to take guests on a journey through a world without

time or place. Sigurður created the music and soundscapes in collaboration with Arnar Guðjónsson and Áki Ásgeirsson.

**Þorvaldur Þorsteinsson (1960–2013)
Jesus is Closer to Home (1999)**

Myndin varð til í rauða hverfinu í Amsterdam þar sem Þorvaldur fékk íbúa og gesti til þess að taka þátt í verkinu. Hún segir sigilda sögu um brostnar vonir og heiðarlegar tilraunir fólks til þess að sætta sig við raunveruleika sem er allt annar og verri en það hafði dreymt um. Undirliggjandi eru spurningar um hvað séu örlög og hvað áunnið ástand, hvað sakleysi og hvað synd. Mynd Þorvalds, Ólafs Jóhannessonar framleiðanda og Ragnars Santos meðframleiðanda fetar milliveg milli heimildamyndar og skáldaðrar kvikmyndar. Tónlistin er eftir Barða Jóhannsson.

The film was shot in the red-light district of Amsterdam, where Þorvaldur recruited residents and other people around to take part. It tells the classic tale of broken dreams and honest efforts of people to accept a reality that is dramatically different and much worse than they had imagined. The underlying questions are about what are predetermined and what are consequential circumstances, what is innocence and what is sin. This film by Þorvaldur, Ólafur Jóhannesson (producer), and Ragnar Santos (co-producer), is a cross between a documentary and a fictional film. Music by Barði Jóhannsson.

Hrina

Bout

Vídeóverk úr safneign

sýning í fjórum hlutum:

Video Works form the Collection
exhibition in four parts:

Leikur

Play

12.01.–05.02.

Erró, Sigrún Harðardóttir, Steina, Sirra
Sigrún Sigurðardóttir, Egill Sæbjörnsson

Gjörningur

Performance

09.02.–05.03.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ásmundur
Ásmundsson, Dodda Maggý, Erling
Klingenberg, Gjörningaklúbburinn
(The Icelandic Love Corporation),
Magnús Pálsson

Skráning

Record

09.03.–02.04.

Hlynur Helgason, Ósk Vilhjálmsdóttir,
Ráðhildur Ingadóttir, Hlynur Hallsson,
Finnur Arnar Arnarson, Libia & Ólafur,
Jeanette Castioni

Frásögn

Tale

06.04.–12.05.

Bjargey Ólafsdóttir, Gabríela
Friðriksdóttir, Sigurður Guðjónsson,
Þorvaldur Þorsteinsson

Hrina: Spurt og svarað

Á sýningartímanum er reglulega boðið
upp á samtal við listamenn sem eiga verk
í sýningaröðinni. Rætt verður um tilurð
verkanna, inntak þeirra og útfærslu, auk
þess sem horft er til samhengis þeirra við
önnur verk á ferli listamannanna sem og
þróun vídeólistar almennt. Fylgist með
dagskrá á heimasíðu.

Bout: Q & A

During the exhibition there will be regular
artist talks, delving into the making of the
works, their subject and production. The works
will be reviewed in light of the artists' oeuvre
and the development of video art. See website
for program.

